

Hverfisnefnd Naustahverfis

70. fundur, 26. október. 2015

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 20:00 – 21:30

Mættir; Anna Steinunn Þengilsdóttir, Greta Huld Mellado, Kristín Sigurðardóttir ,
Guðný Berglind Garðarsdóttir, Þórður Snæbjörnsson og Herdís Hulda Guðmannsdóttir.
Fráfarandi formaður Gunnr Valur Eyþórsson mætti á fundinn nýrri stjórn til stuðnings.

Fundargerð ritaði Anna Steinunn Þengilsdóttir.

1. Fyrsti fundur nýrrar stjórnar

Kosið í embætti stjórnar nefndarinnar 2015-2016, hún lítur svona út.

Aðalmenn

- | | | |
|-------------------------|------------------------------|---------------------------|
| 1. Formaður | Anna Steinunn Þengilsdóttir | annasteinunn@akmennt.is |
| 2. Varaformaður | Greta Huld Mellado | gretahm@gmail.com |
| 3. Ritari | Kristín Sigurðardóttir | stinasig@akmennt.is |
| 4. Meðstjórnandi | Guðný Berglind Garðarsdóttir | gudnyberglind@hotmail.com |
| 5. Meðstjórnandi | Herdís Hulda Guðmannsdóttir. | herdishulda@gmail.com |

Varamenn

- | | | |
|---------------------|---------------------|--------------------------|
| 6. Varamaður | Þórður Snæbjörnsson | doddi5911@gmail.com |
| 7. Varamaður | Maron Pétursson | maronpetursson@gmail.com |

Fulltrúi hverfisnefndar í skólaráði Naustaskóla

Anna Steinunn Þengilsdóttir. Netfang: annasteinunn@akmennt.is

2. Skipulag nýrrar stjórnar

Helstu mál hverfisnefndar eru að fylgjast með framkvæmdum í hverfinu bæði þeim sem eru á skipulagi sem og þeim framkvæmdum sem tilheyra umhverfisátaki bæjarins í tengslum við 150 ára afmæli bæjarins. Einnig að koma að skólaráði Naustaskóla með fulltrúa úr nefndinni á mánaðarlega fundi þar. Vorhátíð hverfisnefndarinnar er haldin ár hvert í samvinnu við Naustaskóla og sér nefndin um grillið á hátíðinni. Nefndin fer einnig ár hvert hringferð um hverfið og skráir niður það sem betur má fara og sendir það til umfjöllunar hjá bæjaryfirvöldum. Nefndin er sammála um að hafa þessi mál í forgangi hjá sér næsta starfsár sem og sinna mögulegum erindum til nefndarinnar.

3. Fundartímar

Ákveðið að hafa fundi á mánudegi eða miðvikudegi klukkan 20:00 á Naustatjörn eins og verið hefur, en þó með fyrirvara þar sem mögulega geta komið upp aðstæður að fundur yrði haldin á heimili einhvers nefndarfulltrúa.

4. Samskipti

Nefndin ákvað að stofna facebook hóp fyrir nefndarmenn þar sem boðaðir yrðu fundir, ýmis mál rædd og fundargerðir yrðu birtar til yfirlestrar. Er nefndin sammála um að það sé fljótvirkara og þægilegra í alla staði heldur en fyrra form með tölvupóstsendingum.

Ekki fleira rætt, fundi slitið kl 21:30